

Eftirlitsnefnd um framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar, sbr. lög 107/2009

Eftirgjöf skulda yfir einum milljarði króna til og með 30. september 2011.

Eftirlitsnefndin skal birta greinargerð með tölfraeðiupplýsingum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja samkvæmt 4. grein reglugerðarinnar. Greinargerð þessi skal tiltaka upplýsingar vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar sem ráðist hefur verið í. Skal greint frá fjölda fyrirtækja sem sætt hafa fjárhagslegri endurskipulagningu, hvers konar fyrirtæki eiga í hlut og á hvaða sviðum atvinnulífsins þau starfa. Jafnframt skal veita upplýsingar um heildarfjárhæð eftirgjafar skuldar í hverjum flokki. Séu mjög fá fyrirtæki í tilteknum flokkum skal flokkun vera með þeim hætti að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til einstakra fyrirtækja sbr. 6. grein reglugerðarinnar.

Nefndin og starfsmenn hennar hafa aðgang að öllum gögnum er snerta afskriftir fjármálafyrirtækja á skuldum stórra fyrirtækja jafnt sem smárra. Nefndin hefur kallað eftir munnlegum og skriflegum greinargerðum, útskýringum og rökstuðningi eftir því sem við hefur átt. Nefndin mun halda áfram að kanna gögn og kalla eftir útskýringum þar sem ástæða verður talin til.

Nefndinni hafa borist svör frá fjármálafyrirtækjum um fjárhagslega endurskipulagningu til og með 30. september 2011 og er samantekt þeirra í töflunni hér að neðan:

Tegund atvinnustarfsemi	Fjöldi fyrirtækja	Heildarskuldir við viðkomandi fjármálafyrirtæki	Eftirgjöf skuldar við viðkomandi fjármálafyrirtæki	Hlutfall eftirgjafar skuldar	Láni breytt í hlutfé	Hlutfall lána breytt í hlutfé
Fasteignafélög	8	30.019.600.000	14.821.700.000	49%	1.787.000.000	6%
Fjárfestingar- og eignarhaldsfélög	8	205.961.000.000	170.507.682.033	83%	2.528.000.000	1%
Sjávarútvegsfyrirtæki	5	20.959.600.403	12.792.335.783	61%	0	0%
Verktakar og byggingastarfsemi	4	44.738.801.133	26.569.394.347	59%	1.080.000.000	2%
Verslunar- og þjónustufyrirtæki	16	153.871.430.149	93.845.931.995	61%	20.909.306.829	14%
Fyrirtæki í öðrum greinum *	4	26.529.894.437	12.450.914.500	47%	3.273.472.754	12%
SAMTALS	45	482.080.326.122	330.987.958.658	69%	29.577.779.583	6%

* Fjármálafyrirtæki í slitameðferð sem áður flokkuðust með fyrirtækjum í öðrum greinum hafa verið felld út úr töflunni frá síðustu birtingu.

Frá síðasta tímabili hafa bæst við eitt fasteignafélag, eitt fjárfestingar- og eignarhaldsfélag, þrjú verslunar- og þjónustufyrirtæki og eitt fyrirtæki í öðrum greinum.

Jafnframt voru teknar saman upplýsingar um nauðasamninga þar sem eftirgjöf skuldar nam hærri fjárhæð en einum milljarði króna eða þar sem hærri fjárhæð en einum milljarði króna var breytt í hlutfé. Þessi svör miðast við 30. september 2011 og eru þau í töflunni hér að neðan.

Tegund atvinnustarfsemi	Fjöldi fyrirtækja	Heildarskuldir við viðkomandi fjármálafyrirtæki	Eftirgjöf skuldar við viðkomandi fjármálafyrirtæki	Hlutfall eftirgjafar skuldar	Láni breytt í hlutfé	Hlutfall lána breytt í hlutfé
Fjárfestingar- og eignarhaldsfélög	7	309.086.863.275	217.681.843.479	70%	70.642.881.730	23%
Fyrirtæki í öðrum greinum	2	45.541.256.768	0	0%	20.914.256.768	46%
SAMTALS	9	354.628.120.043	217.681.843.479	61%	91.557.138.498	26%

Ofangreindar upplýsingar byggja á samþykktum lánanefnda fjármálafyrirtækjanna um afgreiðslu mála en endanleg afgreiðsla er ekki í öllum tilvikum frágengin og kann því að verða breyting á fjárhæðum við endanlegan frágang.